


33. árg. Desember 2007 Nr. 84

Fregnir

SOROPTIMISTASAMBAND ÍSLANDS



Efnisyfirlit



Hvatning Soroptimista

Sýnum drenglyndi og verum einlægar í vináttu.
Verum reiðubúnað til hjálpar og þjónustu.
Sýnum í verki skilning og friðarvilja.
Setjum markið hátt og vinnum störf okkar með
sæmd og ábyrgðartilfinningu.

Markmið Soroptimista

Að vinna að bættri stöðu kvenna.
Að gera háar kröfur til siðgæðis.
Að vinna að mannréttindum öllum til handa.
Að vinna að jafnrétti, framförum og friði,
með alþjóðlegri vináttu og skilningi.

Soroptimistar skulu beita sér fyrir:

Að veita þjónustu í heimabyggð, heimalandi
og á alþjóðavettvangi.
Að taka virkan þátt í ákvarðanatöku hvarvetna
í þjóðfélaginu.

Forsíðumynd er af málverki eftir Jónínu Magnúsdóttur
(Ninný), Kópavogsklúbbi.

Myndin er nýlega máluð og unnin með blandaðri tækni
á striga. Stærð myndarinnar er 85x105 cm. Verkið er í
eigu soroptimistasystur. Jónína valdi það sem forsíðu-
verk og segir rauða og gula litinn minna bæði á jólin
og soroptimistasystur. Soroptimistasystur standa ávallt
saman.

Fregnir er fréttablað Soroptimistasambands Íslands

Heimasíða: www.soroptimist.is

Netfang stjórnar: stjorn@soroptimist.is

Umbrot: Gerður Guðmundsdóttir

Prentvinnsla: Prentmet ehf.

■	Forsetasíða	3
■	Ritnefndarpistill	4
■	Ákall alþjóðaforseta	4
■	Hugvekja á aðventu	5
■	14. haustfundur	6
■	Nýr vefur	9
■	Bakka- og Seljasystur styrkja BUGL	10
■	Heillagripurinn	10
■	Vatn – verkefni Evrópusambands Soroptimista	11
■	Ferð til Jersey	12
■	Starfið mitt – Jóhanna Sigurjónsdóttir	14
■	Reykjavíkurklúbbur – kynning	15
■	Jóla kort Kópavogsklúbbs	16
■	Vinaklúbbasamskipti	17
■	Austurlandsklúbbur – kynning	18
■	Starfið mitt – Rannveig Árnadóttir	19
■	Keflavíkurklúbbur – kynning	20
■	Starfið mitt – Kristín Geirsdóttir	21
■	Kópavogsklúbbur – kynning	22
■	Starfið mitt – Alda Sveinsdóttir	23

Skilafrestur í næsta blað er 15. febrúar 2008

Efni skal skilað á tölvutæku formi, annað hvort á disk
eða í tölvupósti.

Netföng eru: snjolaugsig@simnet.is
sigrigidursveins@internet.is

Póstur sendist til: Snjólaug Sigurðardóttir
Klapparhlíð 1, íb. 401
270 Mosfellsbæ



Ásgerður
Kjartansdóttir

Forsetasiða

Kæru systur!

Innilegar þakkir til ykkar sem mættuð á haustfundinn að Reykjum fyrir góðan fund og ánægjulega samveru. Stjórnin vinnur nú úr góðum hugmyndum frá embættismannafundunum og hefur samþykkt að birta útdrætti úr skýrslum verkefnastjóra í vorhefti Fregna en skýrslurnar í heild sinni og skýrslur nefnda verða áfram aðgengilegar á innri vefnum fyrir fundinn.

Nýr vefur samtakanna var opnaður á haustfundinum og vonast stjórn landssambandsins til að hann verði öflug upplýsingaveita fyrir samtökin. Ég hvet ykkur allar til að senda fréttir af klúbbstarfinu því vefurinn er ætlaður okkur öllum, ekki eingöngu stjórn landssambandsins.

Nú er vetrarstarf klúbba og landssambandsins farið af stað af fullum krafti. Næg verkefni eru framundan og þar ber hæst undirbúningur að norrænum vinadögum sem haldnir verða í Reykjavík dagana 6.- 8. júní nk. Ég vona að sem flestar taki frá þessa daga á næsta ári til að eiga saman góðar stundir með systur frá Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum. Ég vil jafnframt ítreka beiðni mína um að formenn klúbba, sem eiga vinaklúbba á Norðurlöndum eða í Eystrasaltsríkjunum, sendi vinaklúbbunum hvatningu um að mæta á norrænu vinadagana. Ítarlegar upplýsingar um verð, gistingu, skoðunarferðir o.fl. er að finna á ensku á vefnum okkar. Slóðin er <http://www.soroptimist.is/soroptimistar/en/home/> og þar er hægt að smella á Nordic Meeting.

Skipulagning norrænu vinadaganna er umfangsmesta verkefni stjórnarinnar á starfsárinu. Verið er að móta dagskrána en yfirskriftin er „Transforming lives – empowering women and girls.“ Í boði verða áhugaverðir fyrirlestrar bæði kvenna og karla um hvernig hægt er að skapa tækifæri til að breyta lífi kvenna og stúlkna. Í tengslum við vinadagana verður hleypt af stokkunum verkefni 8 landa um mansal og hefur verið skipaður vinnuhópur til að undirbúa verkefnið. Í honum eru auk mín þær Dagrún Þórðardóttir, verkefnastjóri mannréttinda og stöðu konunnar, Herdís Sveinsdóttir, verkefnastjóri heilbrigðismála, og Ingibjörg Kjartansdóttir.

Fjórða árið í röð tók Soroptimistasamband Íslands þátt í 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi sem stóð yfir frá 25. nóvember – 10. desember og hafði yfirskriftina „Réttur í raun – stöðvum ofbeldi gegn konum.“ Rannveig Thoroddsen, verkefnastjóri mennta- og menningarmála, og Dagrún Þórðardóttir, verkefnastjóri mannréttinda og stöðu konunnar, höfðu umsjón með verkefninu fyrir hönd landssambandsins.

Ég hef í forsetabréfi minnst á verkefni nýs forseta Evrópu-sambandsins, Mariet Verhoef-Cohen, en það er „Soroptimistar huga að vatni – Soroptimists go for water.“ Hvetur Mariet klúbba til að sinna a.m.k. einu vatnsverkefni næstu tvö árin. Nánari umfjöllun um þemað er að finna í grein Kristínar Einarsdóttur hér í blaðinu og á slóðinni <http://www.soroptimistsgoforwater.nl/>.

Útbreiðsla er eitt af því sem þarf að vinna stöðugt að og unnið er að stofnun klúbba á Suðurlandi og í Húnavatnssýslum. Stöðug endurnýjun innan klúbbanna er afar mikilvæg til þess að starfið blómstri. Gott er að miða við að fyrir hverja systur sem hættir í klúbbnum eða fellur frá skuli taka inn tvær nýjar. Við þurfum þó ávallt að hlúa hver að annarri og hugsa sérlega vel um nýja félaga sem eru að stíga sín fyrstu skref í samtökunum því það getur tekið nokkurn tíma að fóta sig.

Kæru systur, ég óska ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á nýju ári.

Ásgerður Kjartansdóttir



Ritnefndarpistill

Ágætu systur!


Í þessu jólablaði eru kynntir fjórir klúbbar. Við viljum vekja sérstaka athygli á kynningu Reykjavíkurklúbbsins. Þar tekur Sunna Ósk Logadóttir, blaðamaður, viðtal við elstu núlifandi soroptimistasystur okkar á Íslandi, Jóhönnu Sigurjónsdóttur, ljósmyndara. Í viðtalinu við Jóhönnu segir hún frá einu af fyrstu verkefnum klúbbsins, sem var stuðningur við drengina í Breiðavík. Eftir hina miklu umfjöllun um heimilið og erfiðleika

drengjanna er mjög ánægjulegt að lesa um hugulsemi Reykjavíkursystra í þeirra garð í tengslum við jólin.

Bestu þakkir til allra systra sem hafa skrifað í blaðið á liðnu ári. Sendum ykkur öllum bestu jóla- og nýárskeðjur.

Ritnefndin í Bakka- og Seljaklúbbi

Ákall alþjóðaforseta 10. desember 2007



Mannréttindadagur Sameinuðu þjóðanna er 10. desember. Dagurinn er jafnframt alþjóðadagur soroptimista og árlega þennan dag velur forseti Alþjóðasambands soroptimista verkefni til að aðstoða konur og börn sem eru í mjög brýnni þörf fyrir aðstoð.

Að þessu sinni nefnist verkefnið „Restoring Dignity“ eða „virðingin endurheimt“ og er sjónum beint að ungum stúlkum og konum í Eþíópíu sem þjást af því sem kallað er fistill á íslensku, á ensku fistula. Verkefnið er unnið í samvinnu við Hamlin Fistula Relief and Aid Fund í Ástralíu og Addis Ababa Fistula Hospital, eina sjúkrahúsið í heiminum sem sérhæfir sig í meðferð við fistli. Fistill er óeðlileg göng milli tveggja líffæra eða milli líffæris og ytra borðs líkamans. Fistill er algengur á meðal kvenna í þróunarlöndunum en þekktist varla orðið á Vesturlöndum. Fistill verður oft til vegna erfiðleika í fæðingu. Konur sem fæða börn við aðstæður þar sem læknisfræðileg þekking er lítil eiga á hættu að fá fistil en við alvarleg tilfelli getur komið gat á þvagblöðru og þarma og konurnar geta því

hvorki stjórnað þvagi né saur. Konur sem þjást af fistli eru oft yfirgefnar af eiginmönnum sínum, útskúfaðar úr samfélaginu og neyddar til að lifa í einangrun frá öðrum og verða oftar en ekki að betla til að komast af. Konurnar upplifa höfnun, skömm og einmanaleika.

Í flestum tilfellum er hægt að lagfæra fistil með skurðaðgerð og á Addis Ababa Fistula Hospital eru gerðar um 1400 aðgerðir á ári. Í langflestum tilfellum heppnast aðgerð vel og konurnar geta snúið aftur til síns heima innan fárra vikna eftir aðgerð. Þó eru konur sem ekki er hægt að lækna og þurfa langtímameðferð og læknishjálp. Fjármagnið sem safnast í verkefnið verður nýtt til að aðstoða þær konur. Auk læknameðferðar og aðstoðar við að byggja upp sjálfsmynd sína, fá þær kennslu í einhverri atvinnugrein til að geta séð sér farborða. Með aðstoð soroptimista geta þessar ungu konur endurheimt virðingu sína.

Ásgerður Kjartansdóttir



Ragnheiður Karítas Pétursdóttir



Hugvekja á aðventu

Sú þjóð er í myrkri gengur sér mikið ljós. Og þeim er búa í náttmyrkruna landi ljómar fögur birta.

Þetta eru orðin sem hljóma í kirkjum Íslands á jólum. Þessi orð eru úr Gamla testamentinu og segja fyrir um fæðingu Jesú, þann atburð að Guð sýnir mönnum kærleika sinn í verki og sendir þeim einkason sinn, ljós kærleika síns inn í myrkan mannheim.

Orðin tala til okkar allra og þau gefa þeim von sem ganga í myrkri á vegferð um lífið.

Þau boða að þau muni aftur fá að njóta ljóssins og birta, gleði og friður muni fylla hjörtu þeirra á ný.

Aðventan kallar okkur til að safnast um ljósið, okkur til heilla, gleði og náðar. Kallar okkur til að breyta myrkri og kulda í birtu og yl.

En hún er margslungin þessi aðventa. Það er eins og allt mætist í henni í senn, hið liðna, sem endurspeglast í minningum og hefðum, og nútíminn með nýjum síðum og venjum.

Tilfinningar leita á huga og hjörtu. Sorg og gleði haldast í hendur. Söknuður, eða friður og þökk umlykja. Því lífið er ekki einfalt og það er bæði misjafnt hvernig lífið hefur leikið okkur og ekki síður hvernig við höfum mætt lífinu.

Á þessum tíma leitar hugurinn gjarnan til þeirra sem við söknum og þeirra sem líða og þjást og við biðjum góðan Guð að gæta þeirra og blessa, styrkja og hugga.

Við stöldrum við og lítum yfir farinn veg. Ýmsir atburðir, sem snerta mannkyn allt, hafa átt sér stað. Stundum höfum við litið undan og kveinkað okkur undan grimmd og miskunnarleysi þessa heims.

En við höfum líka upplifað stundir sem tengdu og gáfu tilfinningu um bræðralag, tilfinningu um að þrátt fyrir allt værum við öll systkin, sem deilum sama himni og sömu jörð.

Við þurfum því að huga að hvort öðru um leið og við hugum að sálinni og hjartanu. Þurfum að hleypha inn ljósinu sem vitjar okkar og leyfa því að fylla og lýsa upp hjörtu okkar.

Því Kristur er það ljós sem ber birtu að hjörtum okkar. Hann er vonarljósið sem vitjar mannsins og lýsir upp vonina um eilíft líf og veitir huggun og styrk þeim sem líða.

Því ekki gleðjast allir um þessar mundir. Aðventan er oft á tíðum einnig erfiður tími og myrkur ríkir í huga og hjörtum. Margir eiga um sárt að binda. Sakna þess sem var og syrgja það sem ekki varð.

Gleðin og sorgin eru báðar órjúfanlegur og óumflýjanlegur þáttur mannlegs lífs. Að lifa er að finna til, að lifa er að gleðjast. Að vera manneskja er að lifa í sorg og í gleði.

Systur tvær eru þær stundum kallaðar sorgin og gleðin því að strengurinn á milli þeirra er samofinn, þær fylgja hvor annarri eins og tvær hliðar á sama peningi.

Nú á jólaföstu, er við gleðjumst, skulum við minnst þeirra sem eiga um sárt að binda. Þannig opnum við dyrnar fyrir gestinum sem sendir okkur ljós kærleikans.

Þannig lútum við jötunni á jólanótt og minnumst þess að hún vísar til krossins og upprisunnar. Til sigurstundarinnar, þegar Guð sigraði dauðann og gaf mannum eilíft líf.

Guð gefi ykkur öllum og ástvinum ykkar gleðileg jól og frið á komandi ári.

*Ragnheiður Karítas Pétursdóttir, Snæfellsnessklúbbi
Sóknarprestur í Ingjaldshólsprestakalli*



14. haustfundur



Soroptimistasambands Íslands að Reykjum í Hrótafirði 5. – 7. október 2007

Ásgerður Kjartansdóttir, forseti Sí, setti fundinn kl. 09:05 að viðstöddum 82 systur víðsvegar að af landinu. Þema fundarins var verkefni og verkefnastjórn og voru það verkefnastjórnir Arnbjörg Gunnarsdóttir, Mosfellssveit, Fanney Óskarsdóttir, Húsavík, Helga Ragnarsdóttir, Kópavogi, og María Þórarinsdóttir, Bakka og Selja, sem kveiktu á kertunum fjórum. Verkefnastjórnir Elín Aðalsteinsdóttir, Árbæ, og Helga Sigurbjörnsdóttir, Skagafirð, lásu hvatningu og markmið.

Ella Kolbrún Kristinsdóttir, Hafnarfjarðar og Garðabæjarklúbbsi, var kjörin fundarstjóri. Margrét Jónsdóttir og Péturína Þorsteinsdóttir, Seltjarnarnessklúbbsi, voru skipaðar ritarar fundarins.

Gengið var til dagskrár.

Fréttir af soroptimistastarfi

Fyrsta mál á dagskrá var frásögn sendi-fulltrúanna af fundinum í Toulouse í Frakklandi sem haldinn var 12. og 13. maí sl. Margrét Arnórsdóttir, Mosfellssveit, flutti úrdrátt úr skýrslunni fyrir sína hönd, Ingunnar Sigurðardóttur, Skagafirði, og Hrafnhildar Sigurðardóttur, varasendi-fulltrúa, Seltjarnarnesi. Það sem vakti athygli þeirra á fundinum var hversu mikil samkeppni var um hvert embætti sem kosið var um og þurfti stundum tvennar kosningar til að fá úrslit. Jafnmikið systrabæl ríkti þarna eins og hér heima. Okkar framþjóðandi til varaforseta Evrópusambandsins, Hafdís Karlsdóttir, Kópavogsklúbbsi, hlaut kosningu sem 1. varaforseti.

Hrafnhildur sagði frá léttari hluta ferðarinnar. Leið þeirra lá um Frankfurt til Toulouse. Við skráninguna fengu þær fallegan poka undir gögnin sem konur í

Rúanda höfðu saumað. Hún lýsti ánægju sinni með kosningu Hafdísar þrátt fyrir mikinn áróður helsta keppinautarins, Nilgun Ozler frá Tyrklandi. Ýmsar uppákomur voru til að krydda ferðina og var hún í alla staði mjög skemmtileg og fróðleg. Á meðan skýrslurnar voru fluttar var varpað skemmtilegum myndum upp á vegginn úr ferðinni. Báðar þessar skýrslur birtust í Fregnum nr. 83.

Ásgerðursagði frá stjórnarfundinum í Glasgow í júlí sl. Fundinn sátu 250 konur frá 129 löndum. Þarna fóru fram hefðbundin aðalfundarstörf sem stóðu yfir í 4 daga. Mestur tími fundarins fór í að kynna framtíðarsýn samtakanna og verkefnakjarna fyrir árin 2007–2011. Í lok fundarins voru stjórnarskipti þegar Margaret Lobo frá Ástralíu tók við forsetaembættinu. Nánari frásögn má lesa í Fregnum nr. 83.

Frá alþjóðþinginu í Glasgow

Kristín Einarsdóttir, Hafnarfirði og Garðabæ, upplýsingafulltrúi landssambandsins, hafði orð fyrir sína hönd og Margrétar Helgadóttur, Hafnarfirði og Garðabæ, og sagði frá alþjóðþinginu í Glasgow 29. júlí til 2. ágúst 2007. Heiðursgestur var Anna Bretaprinsessa og voru áberandi öryggisráðstafanir vegna heimsóknar hennar. Prinsessan hélt ræðu um þróunaraðstoð, einkum við konur og börn, og kom á óvart hversu sköruleg hún var. Haldnar voru margar málstofur og var Ásgerður með framsögu um ofbeldi gegn konum á einni slíkri. Ingibjörg Kjartansdóttir, Keflavíkurklúbbsi, aðstoðaði við undirbúning framsögunnar og sat fundinn með forseta. Framlag íslenska hópsins þótti mjög áhugavert. Athyglisverðir og fróðlegir fyrirlestrar voru haldnir alla daga ráðstefnunnar

undir mismunandi yfirskriftum, kynnt var mótun framtíðarstefnu samtakanna, nýr verkefnakjarni, samstarf innan Project Five-O og nýtt 4 ára verkefni alþjóðasambandsins.

Síðasti dagur ráðstefnunnar var helgaður friði og meðal fyrirlesara var Satish Kumar, frægur rithöfundur, fyrirlesari og friðarboði. Sagði hann frá friðargöngu sinni og félagi síns frá leiði Gandhi á Indlandi til leiðis John F. Kennedy í Bandaríkjunum. Allir ráðstefnugestir fengu afhent skjal með friðarboðskap alþjóðasambandsins (skjalið hefur verið þýtt á íslensku og er aðgengilegt á vef landssambandsins). Fyrir utan ráðstefnumiðstöðina fluttu forsetar heimshlutasambandanna og forseti alþjóðasambandsins, ásamt Satish, ávörp og slepptu hvítum dúfum með friðarboðskap undir vængjunum. Næsta ráðstefna verður í Montreal, Kanada, árið 2011.

San Marco verkefnið í Kigali í Rúanda

Sigríður Þórarinsdóttir, fyrrum forseti landssambandsins, kynnti San Marco verkefnið sem er samstarfsverkefni Soroptimistaklúbbs Kigali og San Marino klúbbsins í norðurhluta Ítalíu með dyggri fjárhagsaðstoð klúbbsins, landssambandsins og einstaklinga innan Evrópusambandsins. Eftir nokkurra ára vináttusamstarf þessarra klúbbsins var keypt landspilda þar sem í byggingu eru íbúðir fyrir ekkjur, barnaskóli, heimavist, kvennaathvarf og fjölnotahús. Aðalstyrktaraðilar verkefnisins eru Luxemborg, Ítalía, Holland og Ísland. Ísland hefur sérstaklega verið beðið um að senda fulltrúa á næsta ári þegar verkefnið verður vígt og afhent 11. maí í tengslum við árlegt friðarmarþon. Hafdís Karlsdóttir verður full-

trúi Evrópusambands soroptimista við vígsluna.

Nýr vefur opnaður

Forseti og Sigríður Líba Ásgeirsdóttir, Reykjavíkurlúbbi, vígðu nýjan vef landssambandsins, www.soroptimist.is. Sigríður Líba hannaði vefinn og gaf sína vinnu. Forseti kynnti nýja vefinn og efnisinnihald hans. Á vefnum verða einnig sér klúbbasiður í framtíðinni og síðan verður innri vefur sem lokaður verður almenningi en systur fá aðgangsorð til að komast inn á hann. Höllu B. Baldursdóttur, vefstjóra, Hafnarfirði og Garðabæ, og Sigríði Líbu var sérstaklega þakkað fyrir þeirra framlag.

Ökum varlega

Laufey Hannesdóttir í Hóla og Fellaklúbbi kynnti verkefnið „Ökum varlega“ en hún stjórnadi vinnuhópnum sem vann að verkefninu. Upphafid var hugmynd sem kom fram að Reykjum í fyrra og kveikjan var umræða í kjölfar mikillar slysafrinu í umferðinni haustið 2006. Í hópnum voru Sigríður Líba, sem hannaði merkið, og Guðrún Helga Gylfadóttir, Reykjavíkurlúbbi, Elín Aðalsteinsdóttir (ritari hópsins), Árbæ, Ellen Tyler, Kópavogi, Hildur Guðmundsdóttir, Akranesi, Kristín Jónasdóttir, Bakka og Selja, Þórlaug Guðbjörnsdóttir (hugsuður útfærslunnar), Seltjarnarnesi, og Sigrún Skaftadóttir, Hóla og Fella. Kristín Einarsdóttir, upplýsingafultrúi, bættist í hópinn. Einnig studdu forseti og ritari landssambandsins verkefnið með ráðum og dáð. VÍS var fjárhagslegur bakhjarl verkefnisins en lyklakippur sem framleiddar voru kostuðu 1,7 millj. kr. Lyklakippan skal afhent hverjum og einum persónulega. Nefndarkonur gengu um salinn og gáfu hverri systur eina lyklakippu með orðunum „til hamingju með heilagrípin“. Nefndarkonum var klappað lof í lófa fyrir vinnuna. Soroptimistasystur eru um 500 á landinu og mun hver um sig ræða við 40 öikumenn og með því náum við til 20.000 öikumanna.

Önnur mál

Margrét Helgadóttir, Hafnarfjarðar- og Garðabæjarklúbbi, formaður undirbúningsnefndar fyrir norrænu vinadagana, hvatti systur til að senda áskorun til vinaklúbba á Norðurlöndum um að mæta á vinadagana 6. - 8. júní 2008 og jafnframt taka sjálfar frá þennan tíma til að vera með. Ennfremur voru systur hvattar

til að taka á móti systur frá Norðurlöndunum til gistingar eða að eiga með þeim kvöldstund á heimili sínu eftir móttöku á föstudagskvöldinu.

Ingibjörg Kjartansdóttir benti á að varasamt væri að birta aðgangsorð í Fregnum þar sem hægt væri að lesa blaðið á vefnum.

Sigrún Klara Hannesdóttir sagði frá ferð sem hún og Anna Þórðardóttir, báðar í Reykjavíkurlúbbi, fóru til Perú í sumar. Þær sögðu frá skóla sem rekinn er í litlu þorpi þar sem fátækt er mikil og börnin koma yfirleitt svöng í skólann. Þær hafa sett upp stuðningsnet „Vinir Perú“ og munu safna fyrir eldhústækjum, matvælum o.fl. Allir sem vilja geta tekið þátt í að styrkja verkefnið. Fundarstjóri bað, í kjölfar þessarar frásagnar, allar viðstaddar um að klappa fyrir okkur soroptimistum og því sem við vinnum að.

Hildur Hálfðanardóttir, Kópavogi, talaði í framhaldi af verkefninu „Ökum varlega“. Dáðist hún að systur og lagði áherslu á að skýring á táknum yrði skrifuð upp og prentuð og látið fylgja með kippunni svo það mætti verða áhrifaríkra.

Forseti hrósaði konunum sem stóðu að verkefninu „Ökum varlega“. Einnig vakti hún athygli á villu í nýja nafnalistanum á bls. 12. Verkefnastjóri alþjóðlegrar vináttu og skilnings er Lovisa Christiansen, Hafnarfirði og Garðabæ, en ekki Hansína Traustadóttir, Hóla og Fella.

Stjórnarskipti

Ásgerður Kjartansdóttir, forseti, kynnti fráfarandi stjórnarkonur og nýjar. Sigríður Þórarinsdóttir, fyrrverandi forseti, Edda Jóhannsdóttir, 1. varaforseti, og Ingunn Sigurðardóttir, sendifulltrúi, gengu úr stjórn og inn komu Guðrún Erla Björgvinsdóttir, verðandi forseti, Stella Olsen, 1. varaforseti, og Hrafnhildur Sigurðardóttir, sendifulltrúi.

Framtíðarsýn

Ásgerður kynnti framtíðarsýn Alþjóðasambands soroptimista sem verið hefur í mótun undanfarin misseri. Framtíðarsýnin hljóðar svo: „Alþjóðasamband soroptimista eru framsækin og sveigjanleg alþjóðasamtök fyrir nútímakonur í stjórnun og öðrum sérhæfðum störfum. Við stuðlum að heimsmynd þar sem konur og stúlkur ná í sameiningu fram því

besta sem völ er á, bæði sem einstaklingar og sem hópur, og þar sem þær geta látið drauma sína rætast og, til jafns við aðra, skapað sterk og friðsöm samfélög um allan heim.“ Skjalið í heild sinni er aðgengilegt á vef landssambandsins í þýðingu Sigrúnar Klöru.

Verkefnakjarni (Programme Focus) 2007-2011

Ásgerður kynnti nýjan verkefnakjarna sem er leiðarljós soroptimista um allan heim næstu 4 ár. Hlutverk soroptimista er „að hvetja til aðgerða og skapa tækifæri til að breyta lífi kvenna og stúlkna með fjölþjóðlegu samstarfi og alþjóðlegu félaganeti. Soroptimistar hvetja til jafnræðis og jafnréttis, skapa öruggt og heilsusamlegt umhverfi, auka aðgengi að menntun, efla leiðtogaþæfni og hagnýta þekkingu til sjálfbærrar framtíðar.“ Verkefnakjarninn skiptist nú í 10 undirmarkmið en hefur ekki lengur sex verkefnasvið eins og verið hefur fram til þessa. Sigrún Klara hefur þýtt verkefnakjarnann á íslensku og er hann aðgengilegur á vef landssambandsins. Í lokin vitnaði Ásgerður í viðtal



Ásgerður forseti í ræðustól

við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, utanríkisráðherra, sem birtist í Morgunblaðinu 29. september sl. Ingibjörg Sólrún sagði frá fundi kvenutanríkisráðherra heimsins þar sem fram kom að aðalurmæðuefnið hefði verið hvernig þær sem konur geti notað áhrif sín til að bæta stöðu kvenna. Að mati utanríkisráðherra er brýnast að takast á við skipulegar nauðganir í stríðsátökum, vændi og mansal. Sagði

forseti að orð ráðherra væru í anda soroptimista og eins og töluð út úr okkar hjarta.

Umræður og/eða spurningar um verkefnakjarna

Guðrún Helga Gylfadóttir, Reykjavíkurklúbbi, spurði hvort embætti verkefnastjóra yrðu lögð niður. Forseti svaraði því til að það yrði ekki gert strax því til þess þyrfti lagabreytingar. Með þessum breytingum er verið að gefa klúbbum meira frelsi til að ákveða verkefni og að hvetja verkefnastjóra til að vinna meira saman enda eru skil milli verkefnasviða oft óljós.

Margrét Helgadóttir, Hafnarfjarðar- og Garðabæjarklúbbi, vitnaði í indverska friðargöngumanninn sem sagði að ef konur stjórnðu heiminum þá væru ekki stríð

Margrét Loftsdóttir, Kópavogsklúbbi, spurði hvort aðstoð við konur í stríðshráðum ríkjum skaraðist ekki á við verkefnasviðin mannréttindi og staða konunnar og alþjóðleg vinátta og skilningur. Forseti svaraði að svo væri og þess vegna hefði verið hætt að skipta verkefnakjarnanum upp í 6 verkefnasvið af því að skörunin væri svo mikil.

Laufey Hannesdóttir, Hóla- og Fella-klúbbi, spurði hvort einhver klúbbur hefði boðið Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur að gerast félagi.

Kristjana E. Jónsdóttir úr Skagafirði lýsti yfir ánægju með þá breytingu á samvinnu verkefnastjóra sem er í aðsigi.

Fundarstjóri tók undir þau orð og vakti athygli á hversu vel og áhrifaríkt Ásgerður forseti hefði unnið að kynningu á skjalinu með vel völdum myndum og var forseta klappað lof í lófa.

Laufey Hannesdóttir og Ellen Tyler upplýstu í tengslum við „Ökum varlega“ verkefnið að klúbbur hefðu frjálssar hendur með dreifingu lykklakippanna en lögðu áherslu á að sömu orð yrðu notuð og í fréttatilkynningunni.

Árangursrík verkefnastjórnun

Sigrún Klara bauð upp á námskeið um undirstöðuatriði verkefnastjórnunar og lagði hún áherslu á að verkefni þyrftu að vera SMART – Skilgreind, Mælanleg,

Aðgengileg, Raunhæf, Tímasett. Það sem felst í því er að skilgreina verkstjórn og vinnu, tímamörk, kostnað, kynningu, greiningu og mat. Systrum var skipt í 6 hópa sem skilgreindu eitthvert verkefni. Góðar hugmyndir að verkefnum komu fram og voru kynntar í lok námskeiðsins; verkefnið „Slökktu!“ um orkusparnað sem byrjaði heima hjá systrum, verkefnið „Verum vinkonur“ um að styrkja erlendar konur með börn við að aðlagast íslensku þjóðfélagi, verkefni um að gera 10 brunna í Sierra Leone, styrkja erlendar konur á Íslandi til náms með tilliti til þess að þær fái menntun sína metna á Íslandi, verkefnið „Kólumbísku konurnar“, þ.e. félagslegur stuðningur við 10 kólumbískar konur sem eru að koma þessa dagana til Íslands ásamt börnum sínum, og loks skógræktarverkefni. Forseti þakkaði Sigrúnu Klöru í lokin fyrir fróðlegt og skemmtilegt námskeið og færði henni bók að gjöf.

Fundarstjóri gaf systrum lokaheiliræði. Hún lýsti á myndrænan hátt hvaða breytingar verða í innra eyra þegar við fáum okkur í tána. Það minnkar jafnvægisþykni og getur valdið slæmum eftirköstum. Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu, riturum og síðan stjórn fyrir frábæra skipulagningu fundarins í heild.

Ásgerður forseti lýsti ánægju sinni með

daginn og þakkaði fundarstjóra og riturum með hlýjum orðum og bókagjöfum. Að lokum þakkaði hún systrum fyrir góða fundarsetu og sleit fundi kl. 16:20.

Um kvöldið var hátíðarkvöldverður og sáu systur úr Reykjavíkurklúbbi um veislustjórn, skemmtiatriði og fjöldasöng. Maturinn var ljúffengur og mikil gleði og kátina ríkti meðal systra.

Á sunnudag voru fundir með embættismönnum klúbba þar sem farið var yfir áhersluatriði embætta, skipst á skoðunum og leiðsögn fengin frá stjórninni. Systur fóru að tygja sig heim um hádegisbilið í blíðskaparveðri. Hrutafjörðurinn skartaði sínu fegursta og Holtavörðuheidið var böðuð ævintýraljóma, svo mikil var fegurð fjallanna

*Seltjarnarnesi, 14. október 2007
Margrét Jónsdóttir og
Pétrína Ó. Þorsteinsdóttir,
fundarritarar*



Klappstýran Jessica Arnason (Sigríður Líba Ásgeirsdóttir) frá Sioux Falls í USA! Jessica kom gagnert til Íslands til að þjálfra íslenskar soroptimistasystur í klappstýrutækni!

Nýr vefur Soroptimistasambands Íslands opnaður á haustfundi 2007

Vefur Soroptimistasambands Íslands (SÍ)

Vefur SÍ var fyrst tekinn í notkun 1996 og voru íslenskir soroptimistar með þeim fyrstu til að setja upp vef. Halla Björg Baldursdóttir, tölvunarfræðingur í Hafnarfjarðar- og Garðabæjar-klúbbsi, hefur verið vefstjóri frá árinu 1998.

Vinnuhópur um nýjan vef stofnaður

Á fyrsta fundi stjórnar SÍ starfsárið 2006-2007 var samþykkt tillaga forseta um að skipa eftirtaldar sex konur í vinnuhóp til að endurskoða vef sambandsins: Ásgerði Kjartansdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðing, S. Líbu Ásgeirsdóttur, grafískan hönnuð, og Sigríði Baldursdóttur, íslenskufraeðing, allar í Reykjavíkurlúbbsi, Guðfinnu B. Kristjánsdóttur, upplýsingastjóra Garðabæjar, Höllu Björgu Baldursdóttur, tölvunarfræðing og verkefnastjóra rafrænnar stjórnarsýslu hjá forsætisráðuneytinu, og Kristínu Einarsdóttur, upplýsingafulltrúa sambandsins, allar í Hafnarfjarðar- og Garðabæjar-klúbbsi. Ásgerður Kjartansdóttir, forseti, er formaður vinnuhópsins og stýrir starfi hans.

Starf vinnuhópsins

Vinnuhópurinn byrjaði á að vinna veftré sem tók á sig mynd stig af stigi á fyrstu fundunum. Hugmyndir að nýju útliti voru ræddar og ákveðið að merki soroptimista yrði á áberandi stað á vefnum, að vinna með bláan og gulan lit soroptimista og að vinna með mynd af holtasóley á bláum borða efst til hægri á síðunni. Hugmyndin um holtasóley sem þjóðarblóm kom frá Ásdísi S. Sigurjónsdóttur í Skagafjarðarklúbbsi og því verðugt að hampa því á vefnum okkar.

Unnin var nákvæm þarfalýsing og var leitað tilboða í vefkerfi og hýsingu. Ákveðið var að kaupa vefumsjónarkerfið EC-web frá EC-Software. Með hagsmuni og þarfir sambandsins í huga var valið notendavænt kerfi sem uppfyllti helstu skilyrði þarfalýsingar, þ.e. að vefurinn hefði einfalt útlit og skipulag sem gerði notendum auðvelt að rata um vefinn, að vefurinn væri auðveldur í notkun og að nokkrir aðilar gætu sett inn efni á vefsíður. Loks var tekin ákvörðun um nauðsynlega virkni kerfisins sem hýsir vefinn.



Vefhópurinn. Frá vinstri: Kristín, Sigríður, Ásgerður, S. Líba, Halla Björg og Guðfinna

Staða mála og næstu skref

Vefurinn var formlega vígður af forseta og S. Líbu Ásgeirsdóttur, Reykjavíkurlúbbsi, hönnuði vefjarins, á haustfundi að Reykjum 6. október 2007. Mikil vinna er að baki við vefinn en nokkru er enn ólokið. Þar má helst nefna innri vef með síðum sem eiga að vera lokaðar öðrum en soroptimistum. Einnig er gert ráð fyrir að sérhver klúbbur hafi sína eigin síðu á vefnum og að klúbbarnir móti og vinni efni á klúbbsíður sínar í vetur. Vefhópurinn vinnur nú áfram að innsetningu efnis, prófarkalestri vefjarins í heild og samræmingu á útliti allra síðna. Einnig þarf að vinna og ganga frá enskri útgáfu vefjarins, efni vegna norrænna vinadaga 2008 og velja og finna myndir sem geta prýtt vefinn. Þrátt fyrir að vefurinn hafi verið opnaður er talsverð vinna eftir og vefhópurinn gerir ráð fyrir að vera að störfum út þetta starfsár svo allt verði sem best unnið og að íslenskir soroptimistar megi vera stoltir af sínum vef.

*F.h. vinnuhóps um vef,
Sigríður Baldursdóttir, Reykjavíkurlúbbsi*

Bakka- og Seljasystur styrkja BUGL



Soroptimistaklúbbur Bakka og Selja hefur að undanfögnu haft sem meginverkefni sitt að styðja við starfsemi BUGL, Barna og unglingsgeðdeild Landspítalans.

Starfshópur kom á fund hjá klúbbnum og kynnti starf deildarinnar og sérstakt verkefni sem hópurinn vinnur að en það nefnist Ráð við Reiði.

Verkefnið inniheldur bæði námskeið og námsefni fyrir börn og foreldra þeirra.

Nokkrar klúbbsystur afhentu BUGL kr. 400.000 að gjöf í þetta verkefni 31. okt. sl. Til fjáröflunar fyrir verkefnið hélt klúbburinn m.a. kompusölu í Kolaportinu nú í haust.

Gjöfin afhent. F.v. Bóas Valdórsson og Sólveig Hlín Kristjánsdóttir, sálfræðingar hjá BUGL, og klúbbsysturnar, Arnheiður, Aðalbjörg, Erla og Ingibjörg.



Heillagripurinn

Laufey Hannesdóttir er soroptimisti í Hóla- og Fellaklúbbnum og verkefnastjóri á sviði umhverfismála. Hún ýtti úr vör verkefni sem heitir „Ökum varlega“, sem hvetur til bættrar umferðarmenningar.

Heillagripurinn er lyklakippa með jákvæðum og neikvæðum táknum sitt á hvorri hlið sem margir þekkja m.a. úr SMS smáskilaboðum og teiknimyndablöðum.

Hver soroptimisti, en þeir eru um 500 á Íslandi, gefur heillagripinn öikumönnum í fjölskyldu sinni, vinum og vandamönnum og gerir það persónulega og minnir þá um leið á mikilvægi þess að aka varlega.

Á haustfundinum að Reykjum í október 2007 voru mættar um 80 soroptimistasystur víðs vegar af landinu. Þar rakti Laufey

tildrög og feril verkefnisins og útskýrði hvernig samvinna systra skilaði svo frábærum árangri sem sjá má nú við verklok.

Á haustfundinum komst Laufey svo að orði: „Ég varð fyrir hugljómun við að upplifa árangurinn af samtakamætti okkar soroptimistasystra. Þegar við leggjumst á eitt og vinnum saman náum við glæsilegum árangri.“

Að gefa öikumönnum heillagrip fylgir sú hugsun að við berum umhyggju fyrir hvert öðru. Mér er ekki sama um þig. Gjöfinni fylgir ósk um að öikumenn aki varlega og að allir leggi sitt af mörkum við að fækka slysum í umferðinni.

Ásta M. Eggertsdóttir
Soroptimisti í Hóla- og Fellaklúbbnum



Vatn

Verkefni Evrópusambands soroptimista (SI/E) 2007-2009



Kristín Einarsdóttir

Nýr forseti SI/E, Mariet Verhove-Cohen, hefur valið vatn sem sameiginlegt þema soroptimista í Evrópusambandinu næstu tvö árin. Mariet hvetur alla klúbba til þess að vinna að minnsta kosti að einu verkefni tengdu vatni svo sem verndun, öflun eða bættu aðgengi að vatni.

Samstarf milli klúbba, landa og landssambanda getur blómstrað í anda alþjóðlegrar vináttu og skilnings í sameiginlegum verkefnum tengdum vatni. Þegar soroptimistar leggjast á eitt getur það stuðlað að jákvæðum breytingum sem um munar. Stuðning og ráðleggingar frá stjórn SI/E og Mariet getið þið að sjálfsögðu treyst á. Ef þið hafið áhuga á því að hefja verkefni með öðrum klúbbum á svæðum sem eiga í vandræðum þá verður stjórnin á staðnum og til aðstoðar við upphaf framkvæmda. Stefnt er að því að skila skýrslum um árangur af þessum verkefnum og segja frá þeim á glæsilegu Evrópuþingi í Amsterdam í júlí 2009. Þar gefst okkur tækifæri til þess að segja frá og íhuga árangur hvers og eins og skapa umræður um hugmyndir að betri vatnsvernd. Á þinginu verða sérfróðir fyrirlesarar og málstofur um vatnsverkefni aðalþemu þingsins.

Mariet vonar að soroptimistar hugsi og ræði um vatn og hafi það á dagskrá klúbba og landsambanda á árunum 2007-2009 þannig að allir soroptimistar geri sér grein fyrir vandamálum tengdum hreinu vatni í heiminum í dag.

Ástæða þess að þetta verkefni var valið er að öll verkefnasvið soroptimista tengd Sameinuðu þjóðunum, mannréttindi og staða konunnar, menntamál, efnahags- og félagsmál, heilbrigðismál, umhverfismál og alþjóðleg vinátta og skilningur, geta tengst hreinu vatni á einhvern hátt. Í öllum sextíu og sex löndunum innan Evrópusambandsins, þ.á.m. í Austur-Evrópu og Afríku, er víða að finna vandamál tengd vatni, þ.e. of lítið, of óhreint eða of mikið vatn. Soroptimistaklúbbar geta unnið saman að verkefnum á þessum svæðum með soroptimistum á þeim stað sem verkefnið er.

Vatnsverkefni höfðu verulega til Mariet vegna þess að hún er Hollendingur en þeir hafa ætíð þurft að berjast við vatn og nú þurfa þeir takast á við sífellt hækkanði sjávarborð. Hún vonar að þið farið oft inn á vefsíðu verkefnisins www.soroptimistsgoforwater.nl í leit að upplýsingum, leit að verkefnum eða tenglum en síðast en ekki síst til þess að skrá ykkur á Evrópuþing soroptimista 10.-12. júlí 2009. Það verður haldið undir yfirskriftinni „Soroptimistar huga að vatni.“

Kristín Einarsdóttir
Upplýsingafulltrúi SÍ

Vefsíða verkefnisins
www.soroptimistsgoforwater.nl



Ferð Soroptimistaklúbbs Bakka og Selja til Jersey

vorið 2007



Snemma árs 2006 bættist ný systir í hóp okkar í Soroptimistaklúbbi Bakka og Selja. Þetta var Þórdís Eiríksdóttir, sem starfar sem verkefnastjóri Landsskrifstofu Leonardo hjá Háskóla Íslands. Þórdís hefur síðustu árin búið hluta úr árinu á eyjunni Jersey. Jersey er ein af svo kölluðum Ermarsundseyjum og liggur sunnarlega í Ermarsundi skammt undan ströndum Frakklands. Eyjan er 75 til 115 ferkílómetrar að stærð, eftir því hvort mælt er á flóði eða fjöru, og íbúafjöldinn er um 90 þúsund manns. Höfuðstaðurinn St.Helier er á suðurströnd eyjarinnar. Jersey er sjálfstætt ríki, með eigin stjórn og mynt, en er í breska samveldinu og þjóðhöfðingi Jersey er Englandsdrottning að forminu til. Aðalatvinnuvegur á Jersey hefur lengst af verið landbúnaður, en á síðustu áratugum hefur fjármálastarfsemi ýmiskonar orðið mikilvægasta atvinnugreinin auk þjónustu við ferðamenn.

Fljótlega eftir að Þórdís kom í klúbbinn okkar kom upp sú hugmynd að gaman gæti verið að skreppa í heimsókn til vinaklúbbs okkar á Jersey. Ákveðið var að fara í helgarferð þangað og þótti maí henta vel til ferðarinnar, því þá er yfirleitt farið að vora vel á Jersey og auðvelt að fá gistingu og aðra þjónustu þar sem ferðamannatíminn byrjar ekki fyrr en í júní. Þórdís bar hitann og þungann af skipulagningu ferðarinnar og fórst það henni mjög vel úr hendi.

Síðdegis á miðvikudegi þann 16. maí lögðu 27 systur af stað til Jersey ásamt mökum og öðrum gestum, alls 39 manns. Flugið var til Gatwick flugvallar og þaðan til Jersey. Þrátt fyrir þokusúld gekk ferðin vel, fyrir utan að tvær systur komust ekki fyrr en um hádegi á föstudeginum sökum tafa á flugi. Þórdís var ytra og tók á móti hópnum á flugvöllinum og fylgdi okkur á hótelið. Við bjuggum á Samares Coast Hotel sem er í gömlu og huggulegu húsi með ýmsum viðbyggingum og ótal kvistum. Það stendur við ströndina skammt utan við St. Helier. Dugnaðarforkarnir í hópnum sannreyndu síðar að u.þ.b. klukkutímagangur er frá miðbæ St. Helier á hótelið.

Fimmtudagurinn 17. maí var frjáls dagur. Flest fórum við með strætó inn til St. Helier og þar dreifðist hópurinn og undi sér við að skoða borgina fram eftir degi. St. Helier er snotur

lítill borg með verslunargötum, kaffihúsum, markaðstorgi og gömlum kastala sem gnæfir yfir bæinn. Jerseybúar hafa eigin gjaldmiðil, Jersey pund. Verðgildi þess er það sama og enska pundsins og hægt er að nota ensk pund á eyjunni til jafns við þau innlendu. Seðlar Jerseypundsins eru líkir enskum pundsseðlum, en ef nánar er að gáð sést að Elísabet Englandsdrottning er kórónulaus á Jerseyseðlunum. Ástæðan er sú að Jerseybúar tilheyrðu Normandí á sínum tíma. Þegar hertoginn af Normandí varð konungur Englands 1066, komst Jersey undir bresku krúnuna og hefur verið þar síðan.

Þórdís hafði haft samband við vinaklúbb okkar á eyjunni og mætti m.a. á fund hjá þeim systur sem voru mjög glaðar að við vinaklúbburinn ætluðum að koma í heimsókn. Skipulagður var sameiginlegur kvöldverður (Friendship Evening) með vinaklúbbi okkar. Kvöldverðurinn var fimmtudagskvöldið 17. maí á Hotel Ambassadeur, sem var örskammt frá hótelinu okkar. Þetta var reglulega hátíðlegt kvöld. Formenn klúbbanna, Arnheiður Ingólfssdóttir og Angela Jeune, skiptust á gjöfum og góðum óskum fyrir hönd sinna klúbba og systur og aðrir gestir skáluðu, borðuðu góðan mat, spjölluðu saman og áttu notalega stund.

Á föstudeginum var farið með rútu í hringferð um Jersey. Veðrið var ágætt, þurr og sólskin öðru hvoru, og hitastigið



Angela Jeune, Arnheiður Ingólfssdóttir, Audrey Le Bas og Kristín Norðfjörð

eins og á meðalsumardegi á Íslandi. Vegurinn þræðir meðfram ströndinni, fyrir vikubotna og gegnum smáþorp á sunnanverðri eyjunni, en norðar verður ströndin sæbrattari og strjálbýlli. Landið er vel gróið og er stór hluti eyjarinnar ræktað land þar sem framleitt er grænmeti og búfjárafurðir. Eyjan ber þess merki að hafa lengi verið útvörður breska heimsveldisins á móti meginlandi Evrópu og þar hafa því í gegnum tíðina verið settir niður kastalar og virki á „strategískum“ stöðum. Auk minja um landvarnir og hernað fyrri alda er víða að finna nýlegri sprota af sama meidi. Jersey var hernumín af Þjóðverjum í síðari heimsstyrjöldinni og létu þeir eftir sig ýmsar menjar. Sú kunnasta þeirra er gríðarstór neðanjarðarherstöð sem breytt var í sjúkrahús á síðustu mánuðum stríðsins. Þar er nú mikið safn sem gengur undir nafninu „Jersey War Tunnels“.

Þrátt fyrir höfða og vikur og gnægð skjóls fyrir haföldu, hafa siglingar á stórskipum til og frá Jersey löngum verið erfiðleikum háðar vegna þess hve gífurlegur munur flóðs og fjöru er við eyjuna. Það var býsna sérkennilegt að horfa yfir stórar hafnir um hálfvallinn sjó og sjá bátana liggjandi á hliðinni á þurru. Í höfninni í St. Helier var bara smálæna af sjó sýnileg innan hafnargarðanna á háfjöru.

Á leiðinni fræddi bílstjórinn okkur um ýmislegt sem fyrir augu þar, hafnir, kastala og fleira merkilegt, auk þess sem hann benti okkur á að hægt væri að sjá yfir til Frakklands, þótt skyggnið væri ekki nema í meðallagi gott þennan dag. Hann sagði okkur líka frá frægustu landbúnaðarafurð Jersey, kartöfluaufbrigðinu Jersey Royal, sem ræktað væri á eyjunni og selt dýrum dómum í sælkerabúðum, m.a. í London. Svo talaði hann um Jerseykúna, sem væri eitt albesta kúakyn í heimi. Fulltrúar þessa góða kúakyns sáuust á beit í grænum høgum hér og þar meðfram veginum. Bílstjórinn var líka iðinn við að benda okkur á hús sem hinir og þessir auðmenn á heimsvísu hefðu nýverið keypt á eyjunni, m.a. gimsteinamógúllinn Cartier. Jersey er nefnilega skattaparadís og því sækist ríkt fólk gjarna eftir því að setjast þar að og fá Jersey-skt ríkisfang. Okkur var sagt að venjulegur meðaljón þyrfti að búa ein 15 ár á eyjunni til þess að eiga kost á að fá þar ríkisborgararétt, en álitlegt stóreignafólk gæti fengið þau eftirsóttu réttindi á mun skemmri tíma. Við borðuðum hádegismat á eldgamalli krá á norðurströnd eyjarinnar og þangað komu þær Rannveig og Ásta Björt beint úr flugi og hittu okkur loksins og varð þar fagnaðarfundur.

Í lok hringferðarinnar bauð Þórdís öllum hópnum heim til sín í hressingu, en hún býr, ásamt sambýlismanni sínum, í fallegu húsi á vestanverðri eyjunni með útsýni yfir St. Ouen flóann. Við áttum afskaplega notalega stund hjá þeim Þórdísi og um kvöldið borðaði svo allur hópurinn saman á indversku veitingahúsi skammt frá heimili Þórdísar.



Mynd tekin við Frémont-oddann fyrir ofan Bonne Nuit-flóann á norðurströnd Jersey.

Laugardagurinn var ekki skipulagður sérstaklega og tóku systur sér ýmislegt fyrir hendur þennan dag. Nokkrar okkar fóru að skoða frægt orkideusafn sem er á eyinni. Þar eru ræktaðar ótalmargar tegundir þessara glæsilegu hitabeltisblóma og hefur safnið oft fengið verðlaun fyrir orkideur sínar á alþjóðlegum blómasýningum.

Klukkan 18 kom rútan okkar og sótti hópin á hótelið þar sem við tókum kvöldvél til London. Þar var gíst og síðan tekið morgunflug heim til Íslands, sunnudaginn 20. maí.

Þessi ferð okkar til Jersey var afar skemmtileg og fróðleg og erum við afskaplega þakklátar Þórdísi, systur okkar, fyrir hugmyndina og alla þá fyrirhöfn sem hún lagði á sig okkar vegna. Sömuleiðis þökkum við ferðanefnd klúbbsins okkar, sem ekki lá á liði sínu við undirbúning ferðarinnar. Síðast en ekki síst þökkum við systur í Soroptimistaklúbbi Bakka og Selja stjórn og systrum vinaklúbbsins Soroptimist International Jersey fyrir móttökurnar og vonum að þær sjái sér fært að heimsækja okkur seinna meir.

Kristín Aðalsteinsdóttir, Bakka- og Seljaklúbbi

„Eitt mesta gæfuspör sem ég hef gengið,,

– segir Jóhanna Sigurjónsdóttir, stofnfélagi fyrsta soroptimistaklúbbsins á Íslandi og elsti soroptimistinn á landinu

„Vigdís Jónsdóttir, hjúkrunarkona og vinkona mín, sagði mér frá því að það ætti að fara að stofna soroptimistaklúbb í Reykjavík og bauð mér að vera með,” segir Jóhanna Sigurjónsdóttir, ljósmyndari og einn af átján stofnfélögum fyrsta soroptimistaklúbbs Íslands árið 1959. Jóhanna er elsti soroptimistinn á Íslandi. „Ég hafði aldrei verið í neinum klúbbi og velti fyrir mér hvort ég ætti nokkuð að vera að því! En svo samþykkti ég það og ég hef ekki séð eftir því. Það er einfaldlega eitt mesta gæfuspör sem ég hef gengið að ganga í klúbbinn og kynnast öllum þessum yndislegu konum frá fyrstu tíð. Starfið í klúbbnum gaf mér alveg frá upphafi mjög mikið.”

Jóhanna sat í fyrstu stjórn klúbbsins og tók að sér störf í nefndum, m.a. var hún formaður nefndar Sameinuðu Þjóðanna í kringum Ár konunnar árið 1975.

Fyrstu árin var fjöldi klúbbsystra svipaður en eftir því sem árin liðu fór þeim að fjölga. Fundir voru fyrstu árin haldnir í heimahúsi og skiptust systur á að bjóða heim. Jóhanna hefur alla tíð verið mjög dugleg að mæta á fundi, varla misst úr fund frá upphafi. „Það er einfaldlega vegna þess að ég hef haft svo mikla ánægju af því að vera með öllum þessum konum,” segir Jóhanna ákveðin.

Jóhanna gaf sér góðan tíma í klúbbstarfið þrátt fyrir að vera mjög upptekin við vinnu. Hún rak í mörg ár ljósmyndastofuna ASIS í Reykjavík og var auk þess ein með drenginn sinn, Hannes, sem nú starfar sem geðlæknir.

Það voru ekki margar konur í hópi ljósmyndara á þessum árum en Jóhanna segir ljósmynd, sem hún tók af bænum Árgerði í Svarfaðardal, þar sem hún var í sveit, hafa orðið til þess að hún ákvað að nema ljósmyndun. Hún var undir tvítugu er hún tók myndina, en henni varð hugs-



Jóhanna Sigurjónsdóttir og Guðrún Halldórsdóttir, félagar í Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur

að til myndarinnar mörgum árum síðar er hún var að gera upp við sig hvert hún ætti að stefna í framtíðinni. „Þetta var mjög fín mynd og hún gerði það að verkum að ég hugsaði með mér að kannski hefði ég eitthvað í það að vera ljósmyndari,” segir Jóhanna. Það var þó ekki fyrr en hún hafði búið í New York í fimm ár.

Jóhanna fæddist 9. ágúst árið 1914 og er dóttir hjónanna Sigríðar Þorbjargar Björnsdóttur og Sigurjóns Markússonar. Fjölskyldan var á þessum tímamótum að flytja búferlum frá Stykkishólmi til Víkur í Mýrdal þar sem faðir Jóhönnu hafði verið settur sýslumaður. Jóhanna fæddist því í borðstofunni á Stýrimannastíg 7, hjá Jóhönnu Gestsdóttur, sem móðir hennar hafði alist upp hjá. Fimm vikna gömul fór hún til Víkur ásamt aldraðri föðurömmu sinni, móður og tveimur systkinum. Bílfært var aðeins hluta leiðarinnar svo ekki var um annað að ræða en að notast við hesta

og setja börnin í kerru síðari áfangann, enda árnar austan Þjórsár óbrúaðar.

Frá Vík lá leið fjölskyldunnar til Eskifjarðar og þaðan til Reykjavíkur nokkrum árum síðar. Þar gekk Jóhanna menntavegin, var m.a. í æfingaskóla Kennaraskólans og svo í Kvennaskólanum. Fluttist fjölskyldan fyrst inn á Laugarnesspítala árið 1929, sem var spítali fyrir holdsveikt fólk. Þar bjuggu m.a. Jón Þorleifsson listmálari og Ásmundur Sveinsson myndhöggvari. „Ég held, að ég megi segja að þetta hafi verið skemmtilegasti tími lífs míns,” segir Jóhanna. „Alvara lífsins og áhyggjur ekki byrjaðar. Æskan og lífið framundan.” Úr Laugarnesinu fluttist fjölskyldan að Bankastræti 2 og bjuggu foreldrar Jóhönnu þar í tæp 30 ár.

Í október árið 1941 rakst Jóhanna á auglýsingu í Morgunblaðinu, þar sem

auglýst var eftir stúlku á íslenskt heimili í New York. Jóhanna ákvað að svara auglýsingunni, fékk starfið, og fór utan með skipi, þegar heimsstyrjöldin síðari var í hámarki. „Það var verið að skjóta á skip allsstaðar í kringum okkur,“ rifjar Jóhanna upp um ferðina út.

Jóhanna lærði ljósmyndun í New York Institute of Photography. Er hún kom heim fékk hún vinnu hjá Lofti Guðmundssyni ljósmyndara. Fljótlega ákváðu hún og Ingibjörg Sigurðardóttir frá Bergi að opna sína eigin stofu og varð sá draumur að veruleika í október 1946 er ljósmyndastofan ASIS var opnuð. Þær ráku stofuna saman í 32 ár. Síðustu árin varð Hanna Brynjólfssdóttir meðeigandi. Ekki höfðu allir trú á að „stelpurnar“ gætu rekið sína eigin stofu. „Lofið þeim bara að leika sér, þær koma fljótt aftur,“ sagði Loftur ljósmyndari er hann frétti af fyrirætlunum þeirra. Annað átti eftir að koma á daginn og rekstur stofunnar var

alla tíð farsæll. Þegar litaljósmyndunin var farin að ryðja sér til rúms minnkuðu umsvif stofunnar. Mikill kostnaður hefði fylgt endurnýjun allra tækja. Þegar stofunni var lokað og Ljósmyndasafn Reykjavíkur tók við filmusafni stofunnar var það stærsta filmusafn sem safnið hafði fengið.

Jóhanna giftist Vestur-Íslendingi, prestinum Birni Frímanni Theodore Sigurðsson, árið 1948. Sonur þeirra fæddist svo árið 1950. Fluttist fjölskyldan til Kanada er eiginmaðurinn fékk þar vinnu en dvölin varð stutt, aðeins um tæpt ár. Jóhanna kom ein tilbaka ásamt syni sínum.

Viðskipti við ASIS blómstruðu og Jóhanna segir að oft hafi verið erfitt að vera einstæð móðir í fullri vinnu og fann stundum fyrir skilningsleysi annarra á aðstæðum sínum. Fyrstu árin leigði hún húsnæði en ákvað síðan að byggja á Kleppsveginum. Þar bjó hún í yfir fjörutíu ár.

Jóhanna hefur mikinn áhuga á ferðalögum og gekk í Jöklarannsóknafélagið á

sínum tíma. „Ég hef þrisvar farið á Vatnajökul og gengið á Hvannadalshnjúk,“ rifjar hún upp. Enn í dag nýtur hún þess að hreyfa sig og synti daglega í yfir þrjátíu ár. Nú syndir hún þrisvar í viku. „Að synda er það besta sem ég hef gert fyrir líkamann,“ segir Jóhanna. „Ég væri ekki svona hraust ef ég hefði ekki farið í sund.

Það hefur ýmislegt drifið á daga mína,“ segir Jóhanna að lokum. „Ég hef eignast mjög góðar vinkonur, og það er ekki síst klúbbum að þakka. Mér hefur liðið mjög vel og ég á góðar minningar. Það er nú ekki hægt að fara fram á meira.“

Viðtalið við Jóhönnu er tekið af Sunnu Ósk Logadóttur, Reykjavíkurklúbbi.

KYNNING Á KLÚBBUM

Drengirnir í Breiðavík

Jóhanna er spurð um hver hefðu verið styrktarverkefni soroptimistaklúbbsins á fyrstu árunum. „Það voru drengirnir í Breiðavík sem urðu fyrir valinu, eftir að hafa haldið fundi með forráðamönnum og sálfræðingum heimilisins,“ svarar Jóhanna.

Í stjórnar- og félagsfundargerðum klúbbsins er fjallað nokkuð um þetta stóra verkefni. Fyrsti stjórnarfundurinn, sem verkefnið ber á góma, var haldinn á heimili þáverandi formanns, Ragnheiðar Guðjónsson, 13. október árið 1960. Á fundinum var samþykkt að senda drengjunum í Breiðavík jólaglaðning og að félagskonur leggðu 100 krónur hver í það verkefni.

Í rúmlega áratug voru drengjunum, sem dvöldu í Breiðavík, sendar jólagjafir og páskaegg voru send fyrir páskana. Sagt er frá því í Morgunblaðinu í nóvember 1964 að klúbburinn hafi haldið tiskusýningu til styrktar Breiðavíkurheimilinu. Voru þar m.a. sýndar kápur úr Guðrúnarbúð, hattar frá Hattaverzlun Soffíu Pálsdóttur og kjólar úr versluninni Hjá Báru.



Stofnfundur Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur árið 1959: (F.v.) Jóhanna Sigurjónsdóttir, Hólmfríður Gunnlaugsdóttir, Geirþrúður H. Bernhöft, Vigdís Jónsdóttir, Ulla av Burén, varaforseti Evrópusambands Soroptimista, Valborg Bentsdóttir og Ragnheiður Guðjónsson.

En þegar senda átti gjafirnar vestur um jólin var komin upp sú óvenjulega staða að verkfall teppti skipaferðir, segir í fundargerð. Í Morgunblaðinu er einnig talað um að snjóalög hafi verið mikil og

vöruflutningar fallið niður vegna þess. Jóhanna og systur hennar í Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur dóu þó ekki ráðalaugar og höfðu samband við Varnarliðið

– framhald á næstu síðu

Í Keflavík sem féllst góðfúslega á að taka jólagjafir klúbbsins vestur. Á hádegi á aðfangadag svifu svo tveir „helikoptar“ niður yfir Breiðavík svo drengirnir fengu gjafirnar sínar. Ekki var hægt að senda ávexti og og sælgæti vegna verkfallsins en hins vegar var sent mikið af bókum, alls 70 úrvalsbækur, tvær fallegar málverkaeftirprentanir, Sjöundi dagur í Paradís eftir Mugg og Uppstilling eftir Kristínu Jónsdóttur. Þá var sent jólatré og

hver drengur fékk peysu, sokka og bindi. Í janúar, er verkfallinu var lokið og færðin betri, voru sendir ávextir, sælgæti, vasaljós og fleira.

En systurnar létu ekki þar við sitja. Þær stofnuðu styrktarsjóð fyrir efnilega drengi frá heimilinu svo þeir gætu aflað sér menntunar. Félagskonur heimsóttu drengina oft á þessum tíma og kynntu sér heimilishætti og nám. Ýmsar tillögur voru

gerðar til bóta í þeim tilgangi að gera líf skjólstaðinga þeirra bærulegri. Drengjunum fækkaði smám saman og Breiðavíkurheimilið lagt niður á sjöunda áratugnum.

Sunna Ósk Logadóttir, Reykjavíkurklúbbi



Jólakort Soroptimistaklúbbs Kópavogs



Soroptimistaklúbbur Kópavogs gefur út jólakort í ár eins og undanfarin ár og einnig merkispjöld á jólapakka með sömu mynd. Jónína Magnúsdóttir (Ninný) hannaði kortið, en hún er ein af klúbbsystrunum.

Kortin eru afgreidd 4 stk. saman í pakka og kostar pakkinn kr. 500. Jólapakkaspjöldin kosta kr. 100, 5 stk. saman í pakka. Soroptimistakonur sjá um sölu og dreifingu kortanna.

Jólakortin eru einnig seld í versluninni Líf og List og Pennanum/Eymundsson í Smáralind, Bókabúðinni í Hamraborg, snyrtistofunni „Gott útlit“ á Nýbýlavegi, Garðheimum í Mjódd og tískuversluninni Næs Connection.



Ragnheiður Víglundsdóttir, Sigríður Þórarinsdóttir, Lóa Sander, Þóra Kristín Magnúsdóttir og Astrid Gundersen. Myndirnar eru teknar heima hjá Þóru Kristínu að Hraunsmúla í Staðarsveit í yndislegu veðri 9. júlí sl.

Vinaklúbbasamskipti

Árið 1996 eignaðist Soroptimistaklúbbur Snæfellsness vinaklúbb í Ribe í Danmörku. Strax í upphafi mynduðust mjög góð og persónuleg tengsl milli systra í klúbbunum. Hafa nokkrar heimsóknir verið á milli klúbbanna og bréfaskriftir. Aðallega var það ein systir í Ribeklúbbnum, Lóa Sander, sem var dugleg við að hafa samband. Skírarnafn hennar er Guðrún Lóa Haraldsdóttir. Lóa er fædd og uppalin í Danmörku en átti íslenskan föður, sem hafði farið utan til náms, og hálfíslenska móður sem var fædd í Danmörku og kom aldrei til Íslands. Faðir Lóu lést þegar hún var barn að aldri. Eftir að vinaklúbbatengslin komust á hefur Lóa heimsótt okkur nokkrum sinnum og leitað íslensks uppruna síns. Í sumar heimsótti hún okkur ásamt syni sínum, tengdadóttur og tveimur barnabörnum.

Var það þeirra fyrsta ferð til Íslands. Klúbbsystur í Snæfellsnessklúbbi tóku á móti þeim, opnuðu heimili sín fyrir þeim og greiddu götu þeirra eftir bestu getu. Heimsóttu þau bæði Flateyri við Öndarfjörð, þar sem móðuramma Lóu fæddist, og Skagaströnd, en faðir Lóu var fæddur og uppalinn þar um slóðir. Allsstaðar þar sem þau komu nutu þau íslenskrar gestrisni eins og hún gerist best, þar með talið að Reykjum í Hrutafirði þar sem þau gistu eina nótt á leið sinni. Það var sönn ánægja fyrir klúbbsystur að sjá hvaða áhrif þessi ferð hafði á gestina og hversu stolt þau voru af íslenskum uppruna sínum

við heimför. Soroptimistar geta greinilega orðið að liði á ýmsum sviðum.

Í lok septembers sl. heimsóttu síðan 10 systur úr Soroptimistaklúbbi Snæfellsness vinaklúbbinn í Ribe, en klúbburinn bauð heim öllum vinaklúbbum sínum til vinahelgi.

Ferðin var ánægjuleg, vel tekið á móti hópnum og skemmtilegt að hitta jafnframt soroptimista frá Englandi, Svíþjóð og Þýskalandi. Samtals voru um 45 systur í heimsókninni fyrir utan þær dönsku.

Formleg móttaka fór fram á föstudegi. Snæfellsnessystur höfðu að vísu tekið forskot á sæluna og mætt á fimmtudegi í boði Lóu og fjölskyldu sem tóku á móti hópnum. Á laugardeginum var farið í skoðunarferðir þar sem meðal annars gamla ráðhúsið í Ribe var skoðað undir leiðsögn fyrverandi borgarstjóra, farið í ferð að ströndinni og Vadehavssafnið skoðað. Um kvöldið var sameiginlegt borðhald þar sem hvert land kom með skemmtatriði sem gerði mikla lukku. Ribe er fallegur bær og sá elsti í Skandinavíu, helstu einkenni bæjarins eru dómkirkjan, gömlu húsin, steinlagðar göturnar og storkahreiddið fræga.

Ragnheiður Víglundsdóttir og Sigríður Þórarinsdóttir



Soroptimistaklúbbur Austurlands

Klúbburinn á Austurlandi var stofnaður á Borgarfirði eystra þann 6. september 2003 og heldur því upp á fimm ára afmælið næsta haust. Ennþá er klúbburinn yngsti soroptimistaklúbbur landsins. Upphaf klúbbsins má rekja til ársins 2000. Þá komu austur í vorferð og heimsókn tólf systur úr Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur. Jóhanna Sigmarsdóttir, sem var í þeim klúbbi, var þá nýflutt austur. Tvær úr Reykjavíkurklúbbum voru þá í útbreiðslunefnd og hófu máls á því að hér yrði stofnaður klúbbur. Skoruðu þær á Jóhönnu að verða stofnformaður. Hún færðist undan í fyrstu en þær gáfust ekki upp. Soroptimistasystur af öllu landinu, sem staddar voru á landssambandsfundi, bentu á verðuga fulltrúa sem þær þekktu hér eystra og út frá því var byrjað að vinna að stofnun klúbbsins.

Reykjavíkurklúbburinn hefur alltaf stutt okkur dyggilega og varð Margrét Rögnvaldsdóttir, sem var í útbreiðslunefndinni, guðmóðir klúbbsins.

Stofnfélagar voru 27 en í dag eru félagar í klúbbum samtals 33 og eru frá Egilstöðum, Borgarfirði eystra og Seyðisfirði. Það má segja að systur frá Borgarfirði og Seyðisfirði leggi mikið á sig til að koma á fundi en frá báðum þessum stöðum er yfir erfiða fjallvegi að fara.

Fundir eru haldnir einu sinni í mánuði en tókum okkur frí í júlí og ágúst. Flesta fundi höldum við í Kirkjumiðstöðinni við Eiðavatn og er Kirkjumiðstöðin því okkar aðalathvarf. Þar höfum við aðstoðu til að geyma gögn, er tilheyra klúbbum, og taka á móti gestum o.fl. Aðstaðan í Kirkjumiðstöðinni, sem er mjög góð, hefur verið klúbbum að kostnaðarlausu en við höfum þakkað fyrir okkur með því að hreingera staðinn og/eða gefa eitthvað nýtsamlegt í þá starfsemi sem þar fer fram. Aðalfundina höfum við haldið á einhverjum veitingastaðanna. Einn fund á ári höfum við haft á Borgarfirði og annan á Seyðisfirði. Júnífundina höfum við haft með öðru sniði, farið í stuttar ferðir á aðrar slóðir, t.d. í sumarhús systra og gert eitthvað skemmtilegt.



Systur í Austurlandsklúbbi ásamt konum á Kárahnjúkum

Á Austurlandi hefur nú síðustu ár verið fjölmenningslegt samfélag, allt frá því að virkjunarframkvæmdir við Kárahnjúka hófust. Eitt af fyrstu verkefnum klúbbsins var að koma á tengslum við erlendar konur sem komið höfðu hingað til landsins vegna þessara framkvæmda. Markmiðið með því var að rjúfa félagslega einangrun þeirra og kynnast þeim. Flestar þessara kvenna voru eiginkonur yfirmanna Impregilo og bjuggu upp við Kárahnjúka. Þær komu víðsvegar að úr heiminum. Þessu verkefni er nú lokið þar sem konur hafa allar snúið til síns heima. Samskiptin við Kárahnjúkakonur eins og við kölluðum þær voru afar skemmtileg og gefandi. Klúbburinn hefur áhuga á að vinna áfram að verkefnum er tengjast fjölmenningslegu samfélagi. Í því sambandi höfum við verið í samstarfi við Þekkingarnet Austurlands og í nokkur skipti höfum við aðstoðað kennara Þekkingarnetsins við íslenskukennslu fyrir erlenda nýbúa.

Helstu fjáröflunarverkefni klúbbsins hafa verið ýmsar hreingeringar og kaffisala. Fyrir síðustu jól tók klúbburinn að sér að selja Kærleikskúluna og jólasveina fyrir Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og er hugmyndin að halda þeirri sölu áfram í ár. Markmið með sölnunni er að auðga líf fatlaðra og rennur allur ágóði til starfa í þeirra þágu. Keyptur var þjálfunarbekkur fyrir Heilbrigðisstofnun Austurlands fyrir

andvirði síðustu sölu.

Við eigum tvo vinaklúbba, annan innlands og hinn í Danmörku. Sá innlendi er Reykjavíkurklúbburinn sem má segja að hafi tekið okkur í fóstur frá upphafi en þessir tveir klúbbar hafa ákveðið að taka frá dálítinn tíma á haust- og landssambandsfundum til að hittast og kynnast. Hinn vinaklúbbur okkar er Sorø-klúbburinn í Danmörku og það er gaman að segja frá því að í september sl. fórum við 10 systur og vorum viðstaddar þegar þær fögnuðu 40 ára afmæli sínu. Auk okkar voru í afmælissagnaðinum systur frá Svíþjóð og frá öðrum klúbbum í Danmörku. Þar var tekið vel á móti okkur með skoðunarferðum og móttökum auk þess sem systur buðu okkur að dvelja á heimilum sínum.

Að lokum viljum við nefna ánægjulegt samstarf við klúbba á Norðurlandi en klúbbarnir hittast árlega á haustfundum til skiptis hjá klúbbum.


Klúbburinn á Austurlandi er ungur og erum við ennþá að þreifa okkur áfram varðandi starfsvettvang og verkefni.

*Með kveðju frá Austurlandi
Guðbjörg Gunnarsdóttir
Jóhanna I. Sigmarsdóttir*



Starfið mitt

Rannveig Árnadóttir



Ég er fædd 17. nóvember 1958, yngst sex systkina og ég ólst upp í Kópavogi. Faðir minn var Árni B. Halldórsson, hæstaréttarlögmaður, en móðir mín er Kristín Gissuraradóttir, hjúkrunarkona, sem nú er 86 ára gömul og dvelur á deild fyrir heilabílaða á sjúkrahúsinu á Seyðisfirði.

Eiginmaður minn var Finnur N. Karlsson, íslenskukennari við Menntaskólann á Egilsstöðum, hann er látinn. Dætur okkar Finns eru tvær, Gunnhildur og Anna Berglind, og eru þær báðar búsettar í Reykjavík.

Árið 1974 flutti ég með foreldrum mínum til Egilsstaða og hef meira og minna búið hér síðan, að frátöldum skólaárum í Reykjavík. Ég hef unnið ýmis störf um ævina. Var nokkur sumur hjá Skógrækt ríkisins á Hallormsstað, af og til vann ég á lögfræðistofu föður míns, ég var tækni-teknari hjá RARIK á Egilsstöðum og gjaldkeri hjá Verslunarfélagi Austurlands, en 1992 hóf ég störf við Héraðsdóm Austurlands og þar er ég dómritari.

Árið 1999 fékk ég tækifæri til að fara á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar í starfskynningu til Eystri Landsréttar í Kaupmannahöfn og var þar í einn mánuð, en ríkisstarfsmenn á Norðurlöndum eiga þess kost að fara milli landanna og kynna sér störf, sambærilegum þeim sem þeir inna af hendi. Haustið 2000 hóf ég nám við Háskóla Íslands, sem þá fór af stað með 45 eininga nám í lagadeildinni, og útskrifaðist ég þaðan vorið 2002.

Á þeim 15 árum sem dómurinn hefur starfað hér á Egilsstöðum hafa 4 dómara verið skipaðir, tveir karlar og tvær konur. Núverandi dómstjóri er Ragnheiður Bragadóttir.

Umdæmi dómsins er allt frá Skeiðarársandi í suðri að Bakkafirði í norðri og á þessu svæði voru lengi fjórir þingstaðir, þ.e. höfuðstöðvarnar á Egilsstöðum og svo voru haldin dómþing í Neskaupstað, á Eskifirði og á Höfn. Nú eru dómþing einungis haldin á Egilsstöðum og á Höfn, en þangað förum við fimm sinnum á ári. Þar sem við erum bara tvær, dómari og ritarinn, þá fer ekki hjá því að starfssvið okkar hvorrar um sig er mjög fjölbreytt. Það liggur í augum uppi að sérhæfing

rúmast ekki á svona litlum vinnustað.

Stærstu málaflokkarnir eru einkamál og sakamál. Í einkamálum eru ríflega 300 mál á ári og í sakamálum ríflega 200 og þegar talin eru með mál í öðrum flokkum eins og gjaldþrotamál, þá getur fjöldinn farið í á milli 600 og 700 mál á ári. Árið 2006 voru sakamál 202 en einkamál 328. Í dag er fjöldi sakamála, það sem af er árinu 2007, kominn í 213 en fjöldi einkamála í 318.

Í mínum verkahring er að sjá um allt skrifstofuhaldið. Ég sé um að greiða reikninga, um bókhaldsvinnu, sínavörslu, upplýsingagjöf og sem dómritari er ég í öllum þinghöldum og réttarhöldum, ýmist að færa þingbókina eða fylgjast með upptökum. Ég tek á móti öllum



Rannveig Árnadóttir

málum sem koma til dómsins, færi þau í málaskrá, gef út fyrirköll og boða þá sem eiga að mæta í dóminn. Ég sé um alla skráningarvinnu og skjalavörslu. Þegar málum er lokið geng ég frá dómum til útsendingar í einkamálum. Dóma í sakamálum sendi ég til birtingar og til Ríkissaksóknara sem áframsendir þá til Fangelsismálastofnunar sem sér fullnustu dómanna.

Umfang starfs míns hefur aukist ár frá ári, það er meiri skráningarvinna og meira er leitað til dómsins um alls konar

upplýsingar, auk þess sem málafjöldinn hefur heldur sigið upp á við með árunum. Tilkoma heimasíðu dómstólanna www.domstolar.is var mikið framfarar- spor, því nú geta menn nálgast dagskrár dómstólanna, dóma og aðrar upplýsingar á nokkuð aðgengilegan hátt.

Eftir að virkjunar- og álversframkvæmdir hófust hér á Austurlandi hefur færst í aukana að fólk af erlendum uppruna þurfi að leita til dómsins. Samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu eiga allir rétt á að tjá sig fyrir dómi á sínu móðurmáli. Þetta hefur í för með sér að nú eru mörg tungumál töluð í dómsalnum okkar hér á Egilsstöðum. Í einu og sama þinghaldinu getur komið fyrir að töluð séu 3 til 4 tungumál. Ef við höfum tök á að fá til okkar túlka héðan af svæðinu þá leitum við að sjálfsgöðu eftir aðstoð hér í heima- byggð, en fyrst og fremst höfum við reitt okkur á aðstoð frá Alþjóðahúsinu í Reykjavík. Túlkapjónusta Alþjóðahússins hefur komið okkur að mjög góðum notum.

Dómari við Héraðsdóm Austurlands þarf að setja sig inni allskonar mál af ólíkum uppruna. Skuldamál, landamerkjadeilur, eignardómsmál, barnsfaðernismál, forræðismál, hjónaskilnaðarmál, erfðamál, vinnulaunamál, gjaldþrotamál, alls konar afbrotamál, líkamsárásir, ölvunarakstur, þjófnaðarmál og ólöglegar veiðar, ekki síst hreindýraveiðar. Og þó að við séum nú stödd á 21. öldinni þá er eitt af þeim málum sem komu til kasta dómsins á þessu ári bæði þjóðlegt og fornlegt – sauðapjónaður.

Ég vona að mér hafi tekist að draga upp litla mynd af starfinu mínu, en það er eins og fram hefur komið afskaplega fjölbreytt og bæði krefjandi og gefandi. Því fylgja ferðalög til Hafnar í Hornafirði og svo förum við stundum til Reykjavíkur og fáum aðstoðu í Héraðsdómi Reykjavíkur til að hafa réttarhöld þar ef þannig stendur á. Þetta er starf sem ég er mjög ánægð í og það er ómetanlegt að vera á vinnustað þar sem er góður starfsandi og fjölbreytt starf í boði.





KYNNING Á KLÚBBUM

Soroptimistaklúbbur Keflavíkur

Klúbburinn var vígður 5. júní 1975 í Keflavík og voru stofnfélagar átján. Halldóra Eggertsdóttir er guðmóðir klúbbsins en Rachel Shalom frá Ísrael kom með stofnskrána. Aðalbjörg Guðmundsdóttir, kennari, var fyrsti formaður klúbbsins.

Klúbburinn hefur frá upphafi sinnt ýmsum verkefnum en aðalverkefni hans hefur alla tíð verið aldraðir sjúkir en við höfum styrkt þá með gjöfum og þjónustu.

Klúbburinn átti hugmyndina að stofnun D-álmú samtakanna en það eru samtök sem allir þjónustuklúbbar á Suðurnesjum eiga aðild að. Aðaltakmark samtakanna er að þrýsta á viðbyggingu sjúkrahússins í Keflavík, svokallaða D-álmú, sem á að nýttast öldruðum sjúkum á Suðurnesjum. Samtökin voru stofnuð í mars 1987 og hefur klúbburinn alla tíð átt fulltrúa í stjórn samtakanna.

Klúbburinn stóð fyrir því að fá kvensjúkdómalækni eina helgi á sjúkrahúsið til að konur gætu farið í skoðun í heimabæ sínum og unnu systur við innritun.



Brynja Hjaltadóttir, sjúkraliði. Steinþóra Hjaltadóttir, kennari. Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögfræðingur. Fjóra Þorkelsdóttir, gullsmiður



Klúbburinn hefur einnig styrkt þroskahjálp á Suðurnesjum, veitt námsverðlaun í grunn- og framhaldsskólum í Reykjanesbæ, styrkt skólana í tækjakaupum, styrkt Krísuvíkursamtökin og nú undanfarið höfum við styrkt athvarf geðfatlaðra, Björg, í Keflavík með fjárframlögum. Klúbburinn styrkir einnig barnaþorp í Chile.

Systur gróðursettu greni- og birkiplöntur í garðinum við sjúkrahúsið í Keflavík. Við gróðursettum einnig trjáplöntur nálægt Vogum á Vatnsleysuströnd. Það er okkar Systralundur og sést hann vel frá Reykjanesbrautinni. Trén hafa dafnað ótrúlega vel og teygja sig hreykin upp úr melnum. Á svipuðum slóðum eru einnig Systrabrekkur, sem Suðurnesjaklúbburinn gróðursetti, en við hlúum að þeim nú. Þarna er nú aðstaða til að setjast í skjóli trjána með kaffibrúsa!

Þegar Suðurnesjaklúbburinn var lagður niður gengu nokkrar systur þaðan til liðs við okkur og er það vel en við áttum alla tíð mjög gott samstarf við Suðurnesjaklúbbinn. Við höldum til dæmis alltaf jólafundi saman ásamt gestum okkar.

Við höldum klúbbfundi annan þriðjudag í mánuði á veitingahúsinu Duus í Keflavík og borðum þar saman.

Við tókum fimm nýjar systur í klúbbinn á síðastliðnu starfsári og erum nú orðnar þrjátíu. Við leggjum mikla áherslu á að styrkja samheldni og systrapel í klúbbnum og njótum þess að vera saman.

Bestu kveðjur og óskir um gleðileg jól.
Soroptimistasystur í Keflavík

Starfið mitt

Kristín Geirmundsdóttir



Ég er fædd í Keflavík þann 23. október árið 1965. Ég ólst upp í Keflavík og lauk þaðan mínu grunnskólanámi. Strax að því loknu hóf ég nám í Fjölbautaskóla Suðurnesja og útskrifaðist sem stúdent árið 1984.

Ég hafði strax mikinn áhuga á tannlækningum og að loknu stúdentsprófi hóf ég störf hjá Ólafi Björgúlfssyni, tannréttinga-sérfræðingi. Eftir það varð ekki aftur snúið og sótti ég um skólavist í tannlæknaháskólanum í Osló og útskrifaðist þaðan árið 1990, þá 24 ára gömul.

Strax að loknu námi flutti ég heim til Íslands og hóf störf sem tannlæknir. Fljótlega eftir heimkomuna kynnist ég eiginmanni mínum Eiríki Reynissyni, húsasmíðameistara, og eigum við tvö börn, Geirmund 9 ára og Vallý 7 ára. Ég hef starfað í Keflavík í tæp 18 ár. Í dag rek ég mína eigin stofu og hjá mér starfar tannlæknir í hlutastarfi ásamt tveimur tanntæknum. Þar af er ein soroptimistasystir. Ég er einnig þess aðnjótandi að fá barnatannlækni til mín einu sinni í viku. Hefðbundin vinnudagur hefst kl. 08.00 og lýkur að öllu jöfnu kl. 17.00. Við erum með tímabókanir yfir daginn og sinnum einnig neyðartilvikum þegar svo ber undir.

Í tilefni þessarar greinar, „Starfið mitt,,“ langar mig að segja ykkur frá hvítungu tanna. Í gegnum tíðina hafa rótfylltar tennur verið hvítaðar, þá sérstaklega framtennur sem höfðu gránað, en ekki var sá möguleiki til staðar að hvíta tennur sem ekki voru rótfylltar. Fyrir u.þ.b. 15 árum síðan komu efni á markaðinn sem höfðu þann möguleika að hvíta bæði tennur sem voru rótfylltar og ekki rótfylltar. Öll þessi efni hafa svipaða verkun og án teljandi aukaverkana. Hægt er að hvíta á tvo vegu. Annars vegar að hvíta hjá tannlækninum. Þá situr einstaklingurinn í lampa með hvítunarefnið á tönnunum í eina klst. Síðan hvítar viðkomandi áfram heima með skinnu þar til tilætluðum árangri er náð. Hins vegar hvítar einstaklingurinn heima með skinnu



Kristín Geirmundsdóttir tannlæknir

sem er útbúin hjá tannlækninum. Þá setur viðkomandi sjálfur skinnuna í munninn með hvítunarefninu og hefur í munn í 30 mínútur. Það er gert í ca. 7-10 daga. Yfirleitt næst mjög góður árangur en það er reyndar einstaklingsbundið og fer eftir því hversu mikil mislitun tannanna er. Einnig ber að hafa í huga að bæði fyllingar og postulínstennur hvítna ekki.

Árið 1994 komu að máli við mig fyrrum kennarar mínir úr grunnskóla og buðu mér á soroptimistafund. Mín fyrstu kynni af soroptimistum og starfi þeirra voru mjög áhugaverð og fann ég strax að hugsjónir þeirra höfðuðu vel til mín. Hef ég átt margar ánægjulegar stundir í þeirra hópi.



KYNNING Á KLÚBBUM

Soroptimistaklúbbur Kópavogs

Soroptimistaklúbbur Kópavogs var stofnaður 4. júní 1975 og eru 11 af stofnfélögum ennþá starfandi í klúbbnum. Í dag erum við 38 systur skráðar. Fyrsti formaður klúbbsins var Þorbjörg Kristinsdóttir og er hún jafnframt fyrsti heiðursfélagi okkar.

Frá upphafi hefur klúbburinn unnið að ýmsum góðum málum og var meðal annars frumkvöðull að stofnun Sunnuhlíðasamtakanna og hefur allar götur síðan stutt mjög við bakið á starfi Sunnuhlíðar með margvíslegum hætti. Í allmörg ár rak klúbburinn litla verslun í Sunnuhlíð.

Þá má nefna að klúbburinn greiðir hluta af launum hjúkrunarfræðings við Menntaskólann í Kópavogi, sem starfar meðal annars að forvarnarstarfi í þágu ungs fólks hér í bænum. Fer þessi starfsemi sífellt vaxandi og Soroptimistaklúbburinn hefur fengið Rotaryklúbba bæjarins til liðs við sig vegna þessa verkefnis.

Klúbburinn kostar 2 drengi til náms á Indlandi og á engan er hallað þó sagt sé að Hildur Hálfðanardóttir sé guðmóðir þeirra.

Þá hafa verið gefnar gjafir til sambýlis fatlaðra í Kópavogi, líknardeildarinnar, auk margra fleiri sem of langt yrði upp að telja.

En allt þetta kostar pening og ein aðalfjármögnun klúbbsins undanfarin ár hefur verið sala á jólakortum eftir klúbbsystur okkar, Jónínu Magnúsdóttur (Ninný) en hún hefur hannað listafalleg kort sem hafa verið mjög eftirsótt. Hefur sala þeirra gert okkur kleift að gleðja aðra og létta þeim lífið.

Árið 1994 fékk klúbburinn úthlutað landi til gróðursetningar í Lækjarbotn-



Sunnuhlíðarþögnarkonur

um og á hverju vori er farin fjölskylduferð til að gróðusetja og hlúa að Systrabotnum en svo heitir þessi reitur okkar sem verður fallegri með hverju árinu. Á síðastliðnu vori voru 3 kynslóðir kvenna að vinna saman að gróðursetningu þarna.

Á landsvísu hefur Kópavogsklúbburinn verið öflugur í starfi og tekið virkan þátt í störfum landssambandsins. Stoltastar erum við þó að eiga núna systur í embætti fyrsta varforseta Evrópusambandsins, Hafdísí Karlsdóttur.

Klúbburinn á 7 vinaklúbba úti í hinum stóra heimi en samskiptin við þá hafa undanfarið verið að mestu leyti í formi bréfaskrifta.

Hefðarkonurnar okkar, þær sem komnar eru á eftirlaun, hafa stofnað með sér gönguklúbb sem fer í gönguferð að jafnaði einu sinni í viku og svo þeytast þær saman um heiminn í allskonar ferðalögum. Það liggur við að þær yngri öfundist svolítið út í þær og hlakki jafnvel til að komast í þennan hóp.

Soroptimistaklúbbur Kópavogs heldur fund annan mánudag í hverjum mánuði. Fundirnir eru að jafnaði í Sunnuhlíð. Í vetur ætlum við að brydda upp á nýjungum á fundum og einn liður í því er Jákvæða hornið þar sem ein systir kemur með jákvæða og skemmtilega punkta á fundinn og skorar síðan á næstu systur fyrir næsta fund.

En lífið og starfið í soroptimistaklúbbi á að vera skemmtilegt og við í Kópavogsklúbbi kunnum að skemmta okkur saman. Gítarinn er aldrei langt undan hvort sem það er í vorferðum, á mannátum eða annars staðar. Bjartsýnar horfum við fram á veginn með systrasönginn okkar að leiðarljósi.

**Við komum til að sjá en ekki sigra.
Við komum til að byggja nýjan heim.
Við eigum hjarta en enga sjóði digra
ef ættum þá við gæfum strax af þeim.
Við göngum út í græna hlýja vorið
og gleðjumst yfir brosi og blómi í reit.
Við látum sönginn létta okkur sporið
því lífið bíður með sín fyrirheit.**

Þóra Guðnadóttir, formaður

Starfið mitt

Alda Sveinsdóttir



Alda Sveinsdóttir



Ég fæddist í Reykjavík 12 mars 1945, en fluttist í Kópavog þriggja ára og ólst þar upp. Foreldrar mínir voru Sveinn A. Sæmundsson, blikksmiðameistari, og Ingibjörg G. Kristjánsdóttir, klæðskera-meistari. Það var gott að alast upp í frelsinu í Kópavogi á þessum árum, þar sem ég vinn í dag, var ég að tína ber þegar ég var lítil. Ég gekk í Kópavogsskóla og síðan fór ég í Kvennaskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi 1962.

Ég er gift Jóni Inga Ragnarssyni, málara-meistara, og eigum við 3 börn og 6 barnabörn. Við þjuggum lengst af á æskulöldum mínum í vesturbænum í Kópavogi, en búum nú upp við Vatnsenda, sem var langt upp í sveit þegar ég var barn.

Vinnustaðir mínir frá því að skóla lauk eru aðeins 3, sem telst nú varla mikið í dag. Fyrstu 22 árin vann ég við skrifstofustörf í Blikksmiðjunni Vogí. Síðan rákum við hjónin Keramikhúsið í Reykjavík í 5 ár og var það mjög skemmtilegt en um leið mikil og krefjandi vinna. Árið 1989 tók ég þátt í stofnun Dagdvalar í Sunnuhlíð í Kópavogi og hef verið þar deildarstjóri síðan.

Starfið felur í sér daglega umsjón með starfsemi Dagdvalarinnar, verkstjórn

starfsmanna og samskipti við dvalargesti og aðstandendur þeirra og veita þeim ráðgjöf um þá þjónustu sem er í boði. Einnig er ég í góðu sambandi við bæði heimahjúkrun og heimaþjónustu og höldum við fundi reglulega, þar sem við förum yfir þarfir okkar sameiginlegu skjólstæðinga og breytingar sem verða þar á. Með mér starfa 3 konur og hef ég verið sérstaklega heppin með starfsfólk þessi 18 ár sem ég hef verið í þessu starfi, en það er mjög mikilvægt í svona lítilli einingu sem Dagdvölin er.

Dagurinn hefst með því að gefa fólkinu morgunmat og síðan aðstoðum við fólk við það sem þau vilja helst gera. Sumir lesa blöðin, aðrir setjast með handavinnu, spilun er vist og svo eru aðrir sem njóta þess að sitja og spjalla. Klukkan hálfellefu er leikfimi. Eftir leikfimi fáum við okkur kaffisopa. Alla daga vikunnar fáum við gesti utan úr bæ til að lesa upp og eru það bæði framhaldssögur og annað efni og eins fáum við harmonikkuleikara einu sinni í viku. Þetta eru fastir þættir í starfinu okkar en samt er engin dagur eins. Stundum er spilað bingó og á sumrin erum við úti eins mikið og við getum. Á þessum 18 árum hef ég tekið á móti hátt á fjórða hundrað dvalargest-

um sem hafa verið hjá okkur í lengri eða skemmri tíma og er það mjög lærdómsríkt að kynnast öllu þessu fólki. Þetta er mjög gefandi starf og finnum við mikið þakklæti frá skjólstæðingum okkar og aðstandendum þeirra. En stundum þarf að taka erfiðar ákvarðanir og getur það tekið mjög á. En þegar ég lít til baka hafa þetta verið mjög skemmtileg ár.

Gjöf til framtíðar

Með 5.000 kr. gjafabréfi fær nýr Framtíðarbókareigandi 2.500 kr. mótframlag frá bankanum.



Framtíðarbók



KAUPÞING

Hugsum lengra

LEGGÐU GÓÐAN GRUNN AÐ FRAMTÍÐ BARNINS

Framtíðarbókin er verðtryggður sparireikningur sem gefur hæstu vexti almennra innlánsreikninga. Aðstandendur barna geta stofnað Framtíðarbók hvenær sem er fyrir 15 ára aldur barnsins og lagt þannig grunninn að fjárhagslega öruggri framtíð þess. Innstæðan sem safnast er laus til úttektar við 18 ára aldur.

Kynntu þér kosti Framtíðarbókar á kaupthing.is. Þú getur gengið frá kaupum á gjafabréfi í næsta útibúi Kaupþings.